

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar, Drottningarbrautarreits og breyting á afmörkun deiliskipulags miðbæjar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. mars 2012 í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir deiliskipulag miðbæjar, Drottningarbrautarreit og breytingu á afmörkun deiliskipulags miðbæjar.

Í tillögunni fyrir Drottningarbrautarreitinn er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar, þjónustu og stofnana. Nýjar íbúðir verða meðfram Drottningarbraut og við Hafnarstræti. Einnig er gert ráð fyrir hótélbyggingu syðst á reitnum og nýrri aðkomugötu, húsagötu, samsíða Drottningarbraut. Jafnframt er gerð breyting á afmörkun deiliskipulags miðbæjar vegna skörunar við deiliskipulag innbæjar sem nú er í endurskoðun.

Deiliskipulagsbreytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 14. maí 2012,

Arnar Birgir Ólafsson,
verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2012